FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Fornleifaskráning

vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína frá Ölkelduhálsi að Helguvík í Reykjanesbæ



Bjarni F. Einarsson

2009

Forsíðumyndin sýnir Hellukofann á Hellisheiði (Ölfus, fornleifar nr. 46), sem byggður var upp úr 1830. Ljósm. BFE.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN
Unnið fyrir Landsnet
© Bjarni F. Einarsson
Mars 2009

Efnisyfirlit *Bls.*

Inngangur 4
Skráningin 7
Einstaka línuleiðir,/jarðstrengur 14
1: Hellisheiði að Kolviðarholi. Kort 1 14
2: Kolviðarhóll að Sandskeiði. Kort 2 - 3 16
3: Sandskeið að Geithálsi. Kort 3 17
4: Geithálsi að Hamranesi. Kort 4, 6 og 8 17
5: Sandskeið að Hrauntungum. Kort 3, 5, 7 - 8 17
6: Hrauntungur að Hamranesi og Straumsvík. Kort 8 18
7: Hrauntungur að Njarðvíkurheiði. Kort 8 - 11 og 13 18
8: Njarðvíkurheiði að Reykjanesvirkjun. Kort 13 - 16 19
9: Njarðvíkurheiði að Fitjum. Kort 13 19
10: Fitjar að Helguvík. Kort 12 - 13 19
Mótvægisaðgerðir og tillögur 20
Selin 21
Vörður, mótvægisaðgerðir 23
Fornleiðir, þjóðleiðir og götur, mótvægisaðgerðir 23
Rústir, mótvægisaðgerðir 24
Niðurstaða 24
Lokaorð 25
Heimildir 25

Viðauki I
GPS hnit á Hellugötunni 27
Loftmyndir 28
Fornleifaskrá 46

Inngangur

Að beiðni Verkfræðistofunar Eflu hf. fyrir hönd Landsnets tók Fornleifafræðistofan að sér að kanna á vettvangi allar fornleifar sem kynnu að leynast á fyrirhuguðum línustæðum og jarðstrengjum háspennulína frá Ölkelduhálsi og Hverahlíð að Helguvík og Reykjanesi í Reykjanesbæ. Allar línuleiðirnar eru sýndar á mynd 1 og loftmyndum í lok skýrslunnar, á undan fornleifaskránni. Skráningin fór fram vegna vinnu að mati á umhverfisáhrifum allra tillagna að þessum línuleiðum. Stærðir svæðanna sem könnuð voru eru tilgreindar á mynd 1 loftmyndum. Nákvæm staðsetning hverrar línu er ekki endanlega ákveðin að öðru leyti en því að þær verða innan hinna afmörkuðu svæða (hvítar línur á loftmyndum). Verði hins vegar annað ákveðið síðar, verða viðeigandi svæði könnuð.

Svæðin voru upphaflega könnuð með tilliti til öðruvísi og fleiri valkosta, en valkostunum hefur nú verið fækkað og leiðunum breytt lítilega. Farið var á ný yfir hluta svæðisins frá Ölkelduhálsi að Straumsvík dagana 17. og 18. mars síðastliðinn til að kanna hvort einhverjar breytingar hafi orðið á fornleifum síðan 2006. Svo virtist ekki vera.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem Sögu Kolviðarhóls, Sýslu- og sóknarlýsingar, viðeigandi Örnefnaskrár og Friðlýsingarskrá auk annarra heimilda sem getið er í Heimildaskrá.

Vettvangsvinna fór fram á tímabilinu maí 2006 – mars 2009. Könnunarsvæði voru sífellt að breytast, stækka eða detta út og voru gerðar einstakar skýrslur fyrir allar þessar línuhugmyndir eins og áður greinir. Nú hefur öllum þessum skýrslum verið safnað saman og gerðar að einni. Vissar breytingar á mati hafa átt sér stað í þessari skýrslu og með henni falla fyrri skýrslur úr gildi. Allar dagsetningar koma fram í sjálfri fornleifaskránni.

Hver staður fékk eitt númer og fornleifar á viðkomandi stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar. Hvert sveitarfélag hefur eigið númerakerfi frá 1 – n. Fylgt var númerakerfi Fornleifafræðistofunnar og byrjað á næsta lausa númeri í viðkomandi sveitarfélögum. Notuð eru hugtökin fornleifar og minjar, en munurinn er að fornleifar eru eldri en 100 ára, en minjarnar yngri og því ekki fornleifar skv. laganna hljóðan.

Vestast, í hraununum sunnan við Straumsvík, háttar þannig til að nær ógjörningur er að kanna svæðið til fullnustu. Þar eru óteljandi hæðir, gjótur

og jarðföll, úfið hraun og skógrækt. Heimildir um svæðið gefa sterklega til kynna að þar kunni að leynast fornleifar aðrar en þær sem nú eru skráðar.

Á sumum svæðum hefur svokölluð svæðisskráning/deiliskráning áður farið fram í tengslum við aðrar framkvæmdir. Á öðrum svæðum hefur skráning vegna mats á umhverfisáhrifum annarra framkvæmda farið fram svo sem Búrfellslínu 3a og virkjana á Hveradalasvæðinu. Í einstaka tilfellum hafa fornleifar verið skráðar í tvígang áður en þessi skráning var gerð. Í flestum tilfellum er reynt að geta þessara skráninga í heimildaskrá hér að neðan og sjálfri fornleifaskránni. Þeirra er einnig getið í heimildaskrá hér að neðan. Flestar þeirra fornleifa sem nú fundust eru ekki áður skráðar. Til aðstoðar á skráningunni í hraunum sunnan við Straumsvík var Sandra Sif Einarsdóttir, fornleifafræðingur.

Sérstaklega skal tekið fram að sjálf virkjanasvæðin í kringum Hellisheiðarvirkjun hjá Kolviðarhóli, Hverahlíð og við Ölkelduháls voru ekki skoðuð. Þau hafa verið skoðuð í sambandi við mat á umhverfisáhrifum viðkomandi virkjana og er vísað í þær skýrslur. Af þeim sökum er svæðið frá tengivirki norður af Kolviðarhóli austur að svæðinu ofan við Hellisskarð ekki kannað til hlítar. Nokkrar undantekningar eru á þessu og þá vegna þess að aðstæður kröfðust þess. Þetta á við gamlar þjóðleiðir og minjar tengdum þeim sem ekki virðast hafa verið skráðar áður nema að vissu leyti. Einnig skal tekið fram að fornleifar eru í næsta nágrenni Hamraneslínanna, þó þær hafi ekki verið skráðar í þessu samhengi. Sérstaklega á þetta við um svæðið við Elliðavatn, en fornleifarnar eru all fjarri línuleiðunum og ekki í nokkurri hættu vegna hins fyrirhugaða niðurrifs. Þær eru nær allar skráðar í tengslum við skráningarnar sem getið er hér að ofan.

Öllum fornleifum (sem finnast) eru gefnar einkunnir fyrir minja- og varðveislugildi. Einkunnirnar eru á skalanum 1 – 10. Gamla matið, *ekkert, lítið, talsvert* og *hátt* er notað eftir sem áður.

Þegar hættumatið var skilgreint var gengið út frá því sem vísu að hinar fyrirhuguðu loftlínur myndu ætíð taka tillit til fornleifa og ekki skaða þær, en þetta á þó ekki við um jarðstrengi og hugsanlega línuslóða. Af framkvæmdunum stafar því ákveðin tímabundin hætta og er lagt mat á hana í viðeigandi reit. Sú hætta ætti að hverfa eftir að framkvæmdum lýkur og tillit hefur verið tekið til allra minjanna og eða viðunandi mótvægisaðgerðir gerðar.

Fulltrúi verkkaupa var Ólafur Árnason hjá Verkfræðistofunni Eflu hf. Ýmsar upplýsingar veittu; starfsmenn Byggðasafns Hafnarfjarðar, Hafstseinn Björgvinsson, gæslu og eftirlitsmaður Gvendarbrunnasvæðisins, Hreinn Halldórsson og Helgi Gamalíusson hjá Hitaveitu Suðurnesja og leitað var í smiðju Jónatans Garðarssonar. Karl Rúnar Þórsson á Byggðasafni Hafnarfjarðar lánaði mynd af fornleifum sem lentu undir vegi fyrir mistök. Kann ég þessum aðilum bestu þakkir fyrir.



Mynd 1. Yfirlit yfir línurnar frá Ölkelduhálsi (Bitru) og að Helguvík og Reykjanesi. Á myndinni er staðsetningar fornleifa ekki sýndar. Þær eru sýndar á loftmyndum sem fylgja skýrslu þessari, kort 1 - 16 og yfirlit yfir þau bls. 28 og áfr. Teikn. Línuhönnun hf.

Skráningin

Á hinu kannaða svæði eru allar fornleifar í næsta nágrenni við Hellugötuna (Ölfus nr. 4) á Hellisheiði friðlýstar 1971. Þetta eru auk sjálfrar leiðarinnar, allar vörður og Hellukofinn (Ölfus nr. 46). Stendur svo í Friðlýsingarskjalinu: *„Gamla sæluhúsið, „Hellukofinn“ svonefndi, er stendur við hinn varðaða veg vestantil við miðja heiði. [(Hellisheiði)]. Einnig vörðurnar og vegurinn, troðinn hestaslóð sem víða markar fyrir í hrauninu.* Skjal undirritað af ÞM 13.05.1971. Þinglýst 03.09.1971“ (Fornleifaskrá 1990:77. Sjá mynd af Hellukofanum á forsíðu). Í næsta nágrenni áhrifasvæðis línunnar eru friðlýstar fornleifar. Þær eru *Þingnes* við Elliðavatn, forn kapellutóft nokkra tugi metra suður af Reykjanesbrautinni við vestur enda álversins í Straumsvík, *Óttarsstaðaborgin* vestur af svonefndum Löngubrekkuhæðum og *Stóri-Skjólgarður* rétt sunnan við Reykjanesbrautina í Reykjanesbæ (Sama 1990:11 - 13).

Bent skal á að skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. 10. grein laganna hljóðar svo: „*Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins*.“ Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum (Þjóðminjalög 2001).

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ákvæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

Í þessari skráningu er, eins og áður hefur komið fram, gengið út frá því að hin fyrirhugaða lína muni ekki spilla fornleifum/minjum. Hins vegar er línulögnin talin geta valdið tímabundinni hættu og er lagt mat á hana. Með línulögn er átt við allar þær afleiddu framkvæmdir sem til greina koma vegna línulagnarinnar svo sem staurasetningu, vegagerð, byrgðageymslur o.s.frv. Hægt er að taka tillit til fornleifanna með því að sneiða hjá þeim við alla mannvirkjagerð eða nota fyrirliggjandi slóða sem þegar hafa raskað fornleifum. Um jarðstrengi gilda önnur lögmál, þeim er ekki hægt að lyfta yfir fornleifar. Þeim er hins vegar hægt að hliðra frá fornleifunum þegar svo ber undir.

Þegar kemur að lagningu nýrra línuvega eða jarðstrengja er óhjákvæmilegt að rjúfa fornleiðir og gamlar götur verði þeir á vegi þeirra. Því er hættumatið ævinlega talið mikið þegar hættumat er lagt á slíkar minjar.

Fornleiðir, götur og vegir voru ekki raktir langt út fyrir áhrifasvæði þau sem könnuð voru og í sumum tilfellum sáust þær ekki á sjálfu könnunarsvæðinu, þó þær væru sýnilegar utan þess. Líklega er gerlegt að finna þær með skipulagðri leit, t.d. frá seljunum heim að bæjum.

Verði ekki hægt að tryggja öryggi fornleifanna eða komast hjá raski á þeim þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til þess og hlíta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Nr.	Tegund	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðv.gildi	Mótv.aðgerðir
Garðabær									
13:1	Fornleið	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (7)	Nákv. GPS mæl.
18:1	Gata	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Engar
2 staðir		*2 fornleifar/minjar*				*Meðaleinkunn 3,5*		*Meðaleinkunn 4*	
Gerðahreppur									
1:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
2:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
3:1	Þjóðleið	1	-	-	-	1550-1900	-	-	-
3 staðir		*3 fornleifar*				*Meðaleinkunn 1,33*		*Meðaleinkunn 1,33*	
Grindavík									
22:1,11-14	Fornleið og vörður	5	Línulögn	Mikil	Ágætt	-1550	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nákv. GPS mæl.
22:1	Fornleið	1	Línulögn	Mikil	Ágætt	-l550	Talsvert (6)	Talsvert (6	Nákv. GPS mæl.
22:11	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Rannsókn
22:12	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Rannsókn
22:13	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
22:14	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
23:1	Skotbyrgi	1	Náma	Lítil	Sæm.	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Rannsókn
24:1	Rúst	1	Náma	Lítil	Sæm.	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Prufuholur
25:1,9-11	Fornleið og vörður	5	Náma	Mikil	Sæm.	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nákv. GPS mæl.
25:1	Fornleið	1	Náma	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nákv. GPS mæl.
25:9	Vörður	2	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
25:10	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Engar
25:11	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
26:1,15-22	Fornleið og vörður	9	Línulögn	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nákv. GPS mæl.
26:1	Fornleið	1	Línulögn	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nákv. GPS mæl.
26:15	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
26:16	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Rannsókn
26:17	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Rannsókn
26:18	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Rannsókn
26:19	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
26:20	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
26:21	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
26:22	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
27:1,3-4	Fornleið og vörður	3	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nákv. GPS mæl.
27:1	Fornleið	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nákv. GPS mæl.
27:3	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
27:4	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
28:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1900-	Ekkert (0)	Ekkert (0)	Engar
43:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Rannsókn
44:1	Gata	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nákv. GPS mæl.
45:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
10 staðir		*28 fornleifar/minjar*				*Meðaleinkunn 3,61*		*Meðaleinkunn 3,61*	
Hafnarfjörður									
4:1	Garður	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
4:2	Gerði	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5,5)	Talsvert (5,5)	Rannsókn
5:1	Fjárskjól	1	Byggingar	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert 6)	Talsvert (6)	Rannsókn
5:2	Fjárskjól	1	Byggingar	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6,5)	Talsvert (6,5)	Rannsókn
5:3	Varða	1	Byggingar	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Litlar
5:4	Fjárskjól	1	Vegagerð	Mikil	-	1550-1900	Talsvert (-)	Talsvert (-)	Rannsókn
210:1-4	Sel	4	Landeyðing	Lítil	Sæm.	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Rannsókn
210:1	Stekkur	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Hátt (7,5)	Talsvert (7,5)	Rannsókn
210:2	Rúst	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Hátt (7,5)	Talsvert (7,5)	Rannsókn
210:3	Rúst	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Hátt (7,5)	Talsvert (7,5)	Rannsókn
210:4	Stekkur	1	Landeyðing	Mikil	Sæm.	1550-1900	Hátt (7)	Talsvert (6)	Rannsókn
211:1	Fornleið	1	Náma	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5,5)	Talsvert (5,5)	Nákv.GPS mæl.
286:1	Þjóðleið	1	Náma	Lítil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Lítið (4,5)	Nákv. GPS mæl.
287:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Sæm.	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nákv. GPS mæl.
288:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Sæm.	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nákv. GPS mæl.
289:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
290:1	Vörður og hleðsla	3	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Rannsókn
291:1	Gata	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6,5)	Talsvert (6,5)	Nákv. GPS mæl.
292:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
293:1	Rétt	2	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Rannsókn
294:1	Gata	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nákv. GPS mæl.

295:1	Hleðslur	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Talsvert (5,5)	Talsvert (5,5)	Rannsókn
296:1	Skúti og vörður	3	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
297:1	Varða	1	Byggingar	Lítil	Sæm.	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Engar
298:1	Fornleið	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6,5)	Talsvert (6,5)	GPS mæl.
299:1	Fornleið	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Nákv.GPS mæl.
300:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Engar
301:1	Fornleið	1	Byggingar	Mikil	Sæm.	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nákv. GPS mæl.
302:1	Fjárborg	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Hátt (8,5)	Rannsókn
304:1	Fjárskjól	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6,5)	Talsvert (6,5)	Rannsókn
305:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
306:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
307:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Litið (2)	Litlar
308:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Litlar
309:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1900-	Lítið (1)	Litið (1)	Engar
310:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
311:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Engar
312:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
313:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
314:1	Aðhald	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5,5)	Talsvert (5,5)	Rannsókn
315:1	Vörður	2	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
316:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
317:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
318:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
319:1-9	Sel	9	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Rannsókn
319:1	Sel	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Rannsókn
319:2	Sel	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Rannsókn
319:3	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Rannsókn
319:4	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Rannsókn
319:5	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Rannsókn
319:6	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Rannsókn
319:7	Fjárskjól	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5,5)	Talsvert (5,5)	Rannsókn
319:8	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6,5)	Talsvert (6,5)	Rannsókn
319:9	Fornleið	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nákv. GPS mæl.
320:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
321:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
322:1-4	Sel	4	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Rannsókn
322:1	Sel	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Rannsókn
322:2	Sel	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Rannsókn
322:3	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Rannsókn
322:4	Gerði	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Rannsókn
323:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
324:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Engar
325:1	Fjárskjól	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6,5)	Talsvert (6,5)	Rannsókn
326:1	Rétt	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6,5)	Talsvert (6,5)	Rannsókn
327:1-3	Sel	3	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Rannsókn
327:1	Sel	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Rannsókn
327:2	Rúst	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Rannsókn
327:3	Aðhald	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Rannsókn
328:1	Fjárskjól og varða	2	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Rannsókn
329:1	Fjárskjól	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6,5)	Talsvert (6,5)	Rannsókn
330:1	Fjárskjól og varða	2	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6,5)	Talsvert (6,5)	Rannsókn
331:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
332:1-6	Sel	6	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Rannsókn
332:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Rannsókn
332:2	Sel	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Rannsókn
332:3	Sel	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Rannsókn
332:4	Vatnsból	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Lítlar
332:5	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5,5)	Talsvert (5,5)	Rannsókn
332:6	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Rannsókn
333:1-3	Sel	3	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Rannsókn
333:1	Sel	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Rannsókn
333:2	Vatnsból	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Litlar
333:3	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Rannsókn
334:1-n	Sel/eyðibýli	>7	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Rannsókn
334:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
334:2	Garður	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Rannsókn
334:3	Garður	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Rannsókn
334:4	Sel	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Rannsókn
334:5	Eyðibýli	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Rannsókn

334:6	Gerði	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Litlar
334:7	Gerði	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Litlar
337:8	Garður	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Rannsókn
335:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
53 staðir		*>94 fornleifar/minjar*				*Meðaleinkunn 4,61*	*Meðaleinkunn 4,60*		

Kópavogur 1010

54:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
55:1	Vörður	2	Ekkert	Engin	Sæm.	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Engar
56:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Engar
3 staðir		*4 fornleifar/minjar*				*Meðaleinkunn 1,00*	*Meðaleinkunn 1,00*		

Mosfellsbær

4:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Litlar
5:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Litlar
6:1	Fornleið	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nákv. GPS mæl.
7:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3))	Litlar
8:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Litlar
9:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
10:1	Eyðibýli	1	Ábúð	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (5,5)	Rannsókn
11:1	Meint rúst	1	Ekkert	Engin	-	-	Ekkert (0)	Ekkert (0)	Engar
12:1	Gata	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nákv. GPS mæl.
13:1	Vörður	2	Ekkert	Engin	Sæm.	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Engar
14:1	Gata	1	Landeyðing	Talsverð	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nákv. GPS mæl.
11 staðir		*12 fornleifar/minjar*				*Meðaleinkunn 2,33*	*Meðaleinkunn 2,29*		

Reykjanesbær

83:1	Fornleið	1	Byggð	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5,5)	Talsvert (5,5)	Nákv. GPS mæl.
99:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
111:1	Þjóðleið	1	Framkv.	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nákv. GPS mæl.
137:1	Þjóðleið	1	Línulögn	Mikil	-	1550-1900	-	-	Nákvæm leit
140:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
141:1	Fornleið	1	Byggð	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nákv. GPS mæl.
142:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Rannsókn
143:1	Fornleið	1	-	-	-	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nákv. GPS mæl.
144:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
9 staðir		*9 fornleifar*				*Meðaleinkunn 3,05*	*Meðaleinkunn 3,05*		

Reykjavík

152:1	Rúst	1	Byggingar	Mikil	Sæm.	1900-	Ekkert (0)	Ekkert (0)	Engar
153:1	Áningastaður	1	Umferð	Talsverð	-	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Málmleitartæki
154:1	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Rannsókn
3 staðir		*3 fornleifar/minjar*				*Meðaleiknunn 3,0*	*Meðaleinkunn 3,0*		

Vatnsleysustrandarhrepppur

2:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Engar
3:1	Fornleið	1	Línulögn	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nákv. GPS mæl.
4:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
5:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
6:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
7:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Rannsókn
8:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Rannsókn
9:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
10:1	Vörður	2	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
11:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannókn
12:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
13:1	Byrgi og varða	2	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Rannsókn
14:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
15:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
16:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
17:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
18:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	-	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nákv. GPS mæl.
19:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
20:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	-	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nákv. GPS mæl.
21:1	Byrgi og varða	2	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Talsvert (5,5)	Talsvert (5,5)	Rannsókn
22:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	-	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nákv. GPS mæl.
23:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	-	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nákv. GPS mæl.
24:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
25:1	Vörður	2	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn

26:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
27:1	Byrgi og varða	3	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Talsvert (5,5)	Talsvert (5,5)	Rannsókn
28:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
29:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nákv. GPS mæl.
30:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
31:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
32:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Sæm.	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nákv. GPS mæl.
33:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
34:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
35:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Rannsókn
34 staðir		*40 fornleifar/minjar*				*Meðaleinkunn 2,65*		*Meiðaleinkunn 2,65*	
Ölfus									
1:1	Rétt og varða	2	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Rannsókn
2:1	Sæluhús	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Rannsókn
3:1	Garður	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (6)	Lítið (6)	Rannsókn
4:1	Fornleið	1	Byggingar	Mikil	Ágætt	1550-1900	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	GPS mæling
5:1	St tengdur þjóðtrú	1	Ekkert	Engin	-	1550-1900	Lítið (1)	Lítið (4)	Engar
5:2	Rétt?	1	Ekkert	Engin	-	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Rannsókn
42:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
43:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
44:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (3)	Litlar
45:1	Varða	1	Horfin	-	-	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (3)	Horfin
46:1	Sæluhús	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1840	Hátt (8,5)	Hátt (9)	Rannsókn
47:1	Varða	1	-	-	-	1550-1900	-	-	Engar
48:1	Vörður	2	Virkjun	Mikil	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
49:1	Varða	1	Virkjun	Mikil	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
50:1	Varða	1	Virkjun	Mikil	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (3)	Litlar
51:1	Gata	1	Virkjun	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	GPS mæling
52:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Litlar
53:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
56:1	Vegur	1	Virkjun	Talsverð	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	GPS mæling
58:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (1)	Lítið (1)	Litlar
59:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Litlar
60:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
61:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
62:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Litlar
23 staðir		*26 fornleifar/minjar*				*Meðaleinkunn 2,85*		*Meðaleinkunn 3,10*	

Samtals		***Meðaleink.***	***Meðaleink.***
150 staðir	***>220 fornleifar/minjar***	***2,79***	***2,82***

Tafla 1. Skráðar fornleifar. Með litlum mótvægisaðgerðum er átt við frekari ljósmyndun og/eða teikningu, eða minniháttar aðgerð svo sem brottnám, eða prufuhola(ur). Rannsókn getur veri allt frá prufuskurði að heildarrannsókn með viðeigandi teikningum og sýnatökum. Aftan við minja- og varðveislugildið eru einkunnir (1-10) hafðar í sviga. Meðaleinkunn miðast við einstakar fornleifar/minjar. Mótvægisaðgerðir miðast við að ekki verði hægt að tryggja öryggi minjanna.

Samtals fundust á hinu kannaða svæði 150 staðir með fleiri en 220 fornleifum/minjum. Þar af voru 137 staðir með 205 eiginlegum fornleifum (100 ára eða eldri). 21 staðanna geymdi tvær eða fleiri rústir eða fornleifar, aðrir aðeins einar.

Í þessari skráningu er, eins og áður hefur komið fram, gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu loftlínur muni ekki spilla fornleifum/minjum.

Fornleiðir, götur og vegir voru yfirleitt ekki raktar langt út fyrir áhrifasvæði þau sem könnuð voru.

Verði ekki hægt að tryggja öryggi fornleifanna eða komast hjá raski á þeim þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til þess og hlíta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Í ágætu ástandi voru 95 minjar, en þar af eru 92 eiginlegar fornleifar. 75 minjar voru taldar í sæmilegu ástandi, en þar af eru 66 fornleifar. Í lélegu ástandi voru 38 minjar, þar af 35 fornleifar. Afgangurinn, 14 fornleifar, var ekki metinn í þessu sambandi vegna ýmissa ástæðna (horfnar, náttúrumyndun og óvissa um tilvist).

Í einu tilviki er hættumatið „*vegagerð*“ notað (Hafnarfjörður nr. 5:4, en þar eru fornleifar komnar undir nýjan veg. Þetta er fjárskjól (sjá mynd 3) og því gæti eitthvað verið eftir af fornleifunum sem hægt væri að rannsaka. Ástandið er því óþekkt.



Mynd 2. Varða (Ölfus nr. 45) við Draugatjörn sem hvarf á tímabilinu 22. maí – 29. sept. 2006. Á bak við vörðuna má sjá nýlegan malarveg sem liggur upp á Bolavelli. Á milli hans og vörðunnar var verið að grafa skurð við vettvangsskoðun 29. sept. 2006 (sjá mynd **7**). Sennilega var vörðunni eytt nokkrum dögum fyrir þann 29. sept. (Horft mót N. Ljósm. BFE.

26 minjar, þar af 24 fornleifar, á 22 stöðum voru taldar í mikilli eða talsverðri viðvarandi hættu vegna annarra þátta en línulagnarinnar. Fjórar fornleifar eða minjar á fjórum stöðum eru í lítilli hættu af sömu ástæðu. Einn staður er í heild sinni talinn vera í lítilli hættu vegna námu þó einstakar fornleifar á þeim stað séu engri eða mikilli hættu (Gvendarsel í Hafnarfirði, nr. 210:1-4). Hættan stafaði af vegagerð, landeyðingu, byggingum, ábúð og virkjun.

Nokkrar fornleifar eru ekki metnar með tilliti til hættumats vegna þess að þær eru horfnar eða fundust ekki við vettvangskönnun. Aðrar minjar og fornleifar eru ekki í neinni viðvarandi hættu. Eins og áður hefur komið fram telst línulögnin í sumum tilfellum skapa tímabundna hættu eins og sjá má í fornleifaskrá. Þetta á einkum við fornleifar eins og fornleiðir, garða og slík mannvirki sem teygja sig yfir stór svæði.

Einar fornleifar eru taldar eldri en 1550, en það eru fornleifar nr. 22:1 í Grindavík, Skipsstígur. Sama mætti í raun segja um Hellugötuna. 15 minjar eru taldar yngri en 1900, einar voru ekki metnar (náttúrumyndun) og afgangurinn er talinn vera frá tímabilinu 1550-1900. Mjög líklegt er að fleiri fornleifar séu í raun eldri en 1550, en það verur aðeins staðfest með fornleifarannsókn. Á þetta einkum við selin. Minjar yngri en 1900 (1909) njóta ekki verndunar þjóðminjalaga.



Mynd 3. Fjárskjólið í Hafnarfirði sem er komið undir veg. Sjá má fyrirhleðsluna framan við skútann. (Horft mót N. Ljósm. Karl R. Þórsson, Byggðasafni H.fjarðar).

Níu staðir, með fleiri en 39 fornleifum, eru taldir hafa hátt minjagildi. Eru það leifar allra seljanna, Hellugötunnar yfir Hellisheiði (Ölfus nr. 4) og sæluhúsið Hellukofinn (Ölfus nr. 46, sjá forsíðumynd). Almennt hafa selstöður hátt minjagildi og vegna þess að Hellugatan og Hellukofinn hafa verið friðlýst verður að telja þessar fornleifar hafa hátt minjagildi. Friðlýsing Hellugötunnar hefur þó ekki verið virt sem skildi. Því var brugðið á það ráð að mæla hana nákvæmlega inn svo að ekki liggi vafi á því hvar hún liggur. Þá mælingu framkvæmdi Verkfræðistofan Efla hf. undir leiðsögn undirritaðs. Allir mælipunktar fylgja í lok þessarar skýrslu. Sérstaklega er bent á að þó að staður teljist hafa hátt minjagildi þurfa einstakar fornleifar á honum ekki að hafa það. Því eru ekki allar þær 39 fornleifar á stöðunum níu með hátt minjagildi einnig með hátt minjagildi (sjá töflu 1).

130 fornleifar/minjar hafa lítið minjagildi, þrjár minjar hafa ekkert minjagildi, þrjár voru ekki metnar og afgangurinn hafði talsvert minjagildi.

Varðveislugildið er iðulega svipað og minjagildið og er vísað beint í fornleifaskránna varðandi það.

Ástæða þykir til að friðlýsa allar seljarústirnar, sjö að tölu og ætti í raun að friðlýsa þær allar á Reykjanesskaganum.

Meðaleinkunn minjagildis allra minjastaðanna á línuleiðunum er 2,79. Meðaleinkunn varðveislugildis er 2,82. Þetta telst vera lítið minja- og varðveislugildi þegar allar leiðirnar eru skoðaðar í heild sinni. Þegar minni svæði eru skoðuð nánar kemur í ljós að gildið snarhækkar á stundum, einkum og sérílagi svæðin í kring um selstöðurnar.

Sérstök athygli er vakin á því að fornleifa varð vart utan við áhrifasvæði línanna. Þær voru yfirleitt ekki skráðar nema að vafi hafi leikið á því hvort þær væru innan markanna eða ekki. Sérstaklega margar fornleifar eru í nágrenni Straumsvíkur. Margar hafa verið skráðar í tengslum við aðrar framkvæmdir eins og áður greinir og sum svæði eru í skráningarferli hjá Byggðasafni Hafnarfjarðar. Svæðið í Hraununum, sunnan við Straumsvík er sérstaklega erfitt að skrá vegna þess að þar eru óteljandi gjótur, skútar, jarðföll, hæðir og hólar, skógrækt, skógur og mis erfitt hraun yfirferðar. Öruggt má telja að aðeins brot af þeim rústum og minjum sem þar kunna að finnast fundust nú og voru skráðar. Ýmsar heimildir benda einnig í sömu átt. Ofan á þetta bættist veður sem voru vond í lok skráningarinnar 2009.

Bent skal á að í þessari umfjöllun varðandi minja- og varðveislugildin, er ekki tekið tillit til lengdar hinna ýmsu hugmynda að línum, en hægt væri að hugsa sér að nota einhverskonar stuðul í því sambandi (deila kílómetrafjölda í einkunn, deila fjölda fornleifa í km o.s.frv?), en það verður ekki gert hér.

Nokkrar fornleifar á rannsóknarsvæðunum hafa verið skemmdar eða þeim eytt. Þetta eru allar götur, leiðir eða vegir sem skráðir voru. Þær hafa verið þveraðar af nýrri vegum eða slóðum eða á þeim hefur verið byggt. Yfirleitt stafar þetta af eldri framkvæmdum áður en fornleifaskráning hófst hér á landi um 1980 og áður en að lög bönnuðu slíkt án leyfis, en það var 1989. Þetta á

þó ekki alltaf við. Til eru dæmi um að fornleifum hafi verið spillt eftir 1989 og eftir að skráning í öðru samhengi hafi átt sér stað (t. d. Dalaleið nr. 286:1 í Hafnarfirði). Hellugötunni á Hellisheiði, sem er friðlýst hefur nýlega verið raskað af vegaframkvæmdum og girðingu eftir að minjarnar voru friðlýstar 1971. Fjárskjól í Hafnarfirði (nr. 5:4) hefur lent undir vegi, eða háum garði/mön eins og áður getur, án leyfis eftir að skjólið var skráð í maí 2004.

Skurður sem grafinn var meðfram nýlegum vegi sem liggur vestur af Draugatjörn norður á Bolavelli - Norðurvelli hjó býsna nærri miklum grjótgarði utan um Draugatjörn á Hellisheiði (nr. 3:1, sjá mynd 6). Við þessar framkvæmdir hurfu fornleifar nr. 45:1 í sömu sveit (sjá mynd 2). Um var að ræða vörðu sem skráð hafði verið 2006.

Skv. 12 gr. þjóðminjalaga er öllum gert skylt að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fornleifar liggja undir skemmdum. Eins er öllum þeim sem finna áður óþekktar fornleifar skylt skv. 13. gr. laganna að skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum eins fljótt og unnt er. Sömuleiðis er skylt skv. 18. gr. laganna að tilkynna Fornleifavernd ríkisins svo fljótt sem við verður komið þegar gripir (forngripir) finnast í jörðu (Þjóðminjalög 2001). Með þessari skýrslu er þessum skyldum fullnægt.



Mynd 4. Hellugatan á Hellisheiði sorfin ofan í hraunhelluna. Hér eru tvær rásir, en þær geta verið fleiri. (Horft mót NV. Ljósm. BFE).

Einstakar línuleiðir/jarðstrengur

1: *Hellisheiði að Kolviðarhóli. Kort 1.*

Þessar línuleiðir eru jarðstrengur frá Bitru að tengivirki á Hellisheiði og annar jarðstrengur frá Hverahlíð að sama tengivirki. Strengurinn mun þvera gömlu leiðina Milli hrauns og hlíðar, og afleggjara af henni á Ölkelduhálsi (Ölfus nr. 51:1). Einnig mun strengurinn skera Lágaskarðsveg (Ölfus nr. 56:1). Sækja þarf um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til þessa og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Mótvægisaðgerðir ættu ekki að vera aðrar en þær að hnitsetja leiðirnar nákvæmlega þar sem hægt er.

Strengurinn fer nokkuð nálægt hinni friðlýstu Hellugötu (sjá mynd 4) og vörður við hana (Ölfus nr. 4:1). Hann liggur að tengivirki norðan við þjóðveg 1. Gæta þarf þess að halda jarðstrengnum eigi nærri en 20 m frá Hellugötunni og þeim vörðum sem þar kunna að vera. Sama á við um tengivirkið sem er fyrirhugað á svæðinu. Vettvangsskoðun í febrúar síðastliðnum sýndi að vel á að vera hægt að setja tengivirkið niður á staðnum án þess að raska Hellugötunni og virða 20 m regluna. Jarðstrengurinn fer býsna nálægt Orrustuhól og aðhaldinu sem þar er (Ölfus nr. 5:1-2).

Meðaleinkunn þessara fornleifa á þessari leið er 2,90 fyrir minjagildi og 3,50 fyrir varðveislugildið. Þar eru leifar Hellugötunnar einar og sér með gildin 7,5 í báðum tilfellum, sem telst hátt eins og áður hefur komið fram.



Mynd 5. Sæluhúsið við Draugatjörn (Ölfus nr. 2). Oft var líf og fjör í sæluhúsinu og göróttir drykkir hafðir um hönd. Þegar grafið var í rústina 1958 fundust þar m. a. brennivínspeli og látúnshnappur. Reimt var í húsinu að sögn. Húsið er að stofni til ekki yngra en frá 17. öld. (Horft mót A. Ljósm. BFE).

Lína, sem mun liggja frá fyrirhuguðu tengivirki við Suðurlandsveg að tengivirki norðan við Kolviðarhól, kallast Hellisheiðarlína 1. Með þessu línustæði liggur Hellugatan með vörðum sínum (Ölfus nr. 4:1), Hellukofinn (Ölfus nr. 46:1, sjá forsíðumynd), Biskupsvarða (Ölfus nr. 47:1) og varða (Ölfus nr. 52:1). Allar þessar minjar eru friðlýstar 1971. Biskupsvarðan var þó löngu horfin þegar friðlýsingin átti sér stað 1971. Hellugatan hefur þegar verið löskuð af fyrri framkvæmdum á heiðinni svo sem staurasetningu, vegagerð og girðingu. Að auki eru við þessa línu vörður (Ölfus nr. 48:1 – 50:1) og gamla leiðin Milli hrauns og hlíðar (Ölfus nr. 51:1). Meðaleinkunn minjagilda er 4,00, en meðaleinkunn varðveislugilda er 4,21 (Biskupsvarðan ekki með í þessum tölum). Á þessari leið eru fornleifar sem taldar eru hafa hæstu einkunnir á öllum línuleiðunum. Er það Hellukofinn með einkunnirnar 8,5 og 9. Hellugatan hefur einkunnirnar 7,5 í báðum tilvikum. Hellukofinn er talinn í lítilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, en Hellugatan í mikilli hættu. Séu þessar tvær fornleifar dregnar frá eru einkunnirnar aðeins 2,40 og 2,60. Enn skal það áréttað að fornleifar á áhrifasvæði sjálfrar virkjunarinnar eru ekki skráðar í þessu ferli nema í undantekningartilfellum og þá aðeins austan við Hellisskarðið.



Mynd 6. Grjótgarðurinn utan um Draugatjörn í Ölfusi (nr. 3). Sjá má skurð sem grafinn var býsna nærri garðinum í sept. 2006, en við þann gröft voru fornleifar nr. 45 eyðilagðar. (Horft mót NA. Ljósm. BFE).

Við niðurrif Sogslínu 2 þarf að gæta þess sérstaklega að vinnuvélar skemmi ekki út frá sér við niðurrifið. Merkja þyrfti því fornleifarnar til öryggis, t. d. með áberandi flöggum.

Allar þessar línur og jarðstrengir eru ásættanlegar að því tilskyldu að þeim sé haldið 20 m frá fornleifum sem eru friðlýstar og öryggi þeirra tryggt og að sótt verði um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins til að þvera þær leiðir sem þarf að þvera.

2: *Kolviðarhóll að Sandskeiði. Kort 2 - 3*

Lína frá tengivirki norðan við Kolviðarhól að fyrirhuguðu tengivirki vestan við Lyklafell (Kolviðarhólslína 1 og 2).

Á þessari leið eru Húsmúlarétt og varða (Ölfus nr. 1:1), Sæluhús við Draugatjörn (Ölfus nr. 2:1, sjá mynd 7), garður um Draugatjörn (Ölfus nr. 3:1, sjá mynd 6) og vörður (Ölfus nr. 42:1 – 45:1 og 58:1 – 62:1). Vörðurnar hafa vafalaust varðað gömlu leiðin sem var framhald Hellugötunnar og jafnvel leiðarinnar Milli hrauns og heiðar. Til hinnar síðartöldu sést þó sjaldnast og því verða vörðurnar að vera fulltrúi hennar. Einnig eru við þessa leið vörður (Kópavogur nr. 54:1 og Mosfellsbær nr. 13:1 og 14:1). Samtals eru því 17 fornleifar eða minjar á 15 stöðum á þessari leið. Einar fornleifar eru horfnar (sjá mynd 2). Meðaleinkunn minjagilda er 2,87 og varðveislugilda 3,00. Hæstu gildin hafa Húsmúlarétt og sæluhúsið eða sjö í báðum tilfellum. Þá hefur garðurinn utan um Draugatjörn gildin sex í bæði skiptin. Þessar fornleifar eru taldar í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda. Ef gildi þessara þriggja fornleifa eru dregin frá eru meðalgildin einungis 1,92 og 2,08.



Mynd 7. Húsmúlarétt skammt vestur af Draugatjörn. Réttin var notuð langt fram á 20. öld til rúnings á vorin og sem aðhald í haustleitum. (Horft til NA. Ljósm. BFE).

Leiðin er vel ásættanleg ef hægt er að tryggja öryggi fornleifanna, bæði við byggingu nýrra lína, niðurif og endurbyggingu lína.

3: *Sandskeið að Geithálsi. Kort 3*

Fyrirliggjandi línu, Sogslína 2, sem liggur frá tengivirki vestan við Lyklafell að tengivirki við Geitháls á að rífa. Við hana eru einkum vörður (Mosfells-bær nr. 4:1 – 5:1 og 7:1 - 9:1) auk slóða eða leiða (Mosfellsbær nr. 6:1 og 12:1). Einnig er þar eyðibýli (Sólheimakot, Mosfellsbær nr. 10:1) og náttúru-myndun (Mosfellsbær nr. 11:1[1]). Í landi Reykjavíkur eru tvær minjar, rúst (nr. 152:1) og áningastaður (nr. 153:1). Samtals fundust 11 minjar/fornleifar á jafnmörgum stöðum á þessari línuleið.



Mynd 8. Ein rústin við Gvendarsel (nr. 210:2). Steinninn slútir yfir rústina og hefur sennilega verið hluti af þaki hússins. (Horft mót S. Ljósm. BFE).

[1] Náttúruminjar þessar eru einvörðungu teknar hér með af því að þær voru skráðar sem fornleifar í tengslum við virkjanaframkvæmdir á Hellisheiði (sjá heimild í fornleifaskrá).

Meðaltal minjagilda er 2,45 og varðveislugilda 2,41. Eyðibýlið hefur einkunnirnar 6 og 5,5 og stafar það einkum að því að undir sverðinum gætu leynst merkilegar minjar, en ýmislegt bendir þó til þess að svo sé ekki og er trúlega um ofmat á minjunum að ræða hér. Náttúrumyndunin og rúst í landi Reykjavíkur hafa núll í einkunn. Taki maður ekki tillit til þeirra og eyðibýlisins eru meðalgildin 2,63 í báðum tilfellum. Framkvæmdir við línuleiðina eru mjög ásættanlegar.

Aðgát skal höfð við niðurrifið og merkja þær fornleifar sem kunna að vera í hættu vegna framkvæmdanna. Mælt er með því að nota línuveginn sem þarna er í eins miklum mæli og hægt er.

4: *Geitháls að Hamranesi. Kort 4, 6 og 8*

Á þessari leið eru í dag Hamraneslína 1 og 2. Þær verða rifnar niður og því þarf að gæta þess að raska ekki fornleifum. Þarna fer Selvogsgatan um (Garðabær nr. 13:1), en hún liggur til Grindavíkur yfir Grindaskörð. Yfir hana liggur í dag línuvegur sem þyrfti að nota við niðurrifið. Önnur leið liggur þarna en hún er ung og nýtur ekki verndar þjóðminjalaga (nr 18:1). Minja- og varðveislugildi minjanna á þessari leið er sex fyrir Selvogsgötuna og einn fyrir hina. Varðveislugildið er sjö og einn fyrir sömu minjar. Framkvæmdir við línuleiðina eru vel ásættanlegar.

5: *Sandskeið að Hrauntungum Kort 3, 5, 7 , 8 og 8a*

Um tvo valkosti er að ræða varðandi staðsetningu tengivirkis í Hrauntungum, sbr. kort 8 og 8a. Skv. korti 8 liggur lína frá fyrirhuguðu tengivirki vestur af Lyklafelli (Sandskeiði) að fyrirhuguðu tengivirki í Hrauntungum. Á þeirri línu eru þrjár vörður í landi Kópavogs (nr. 55:1 og 56:1). Í landi Hafnarfjarðar eru Selvogsgata/ Grindarskarðsvegur (nr. 299:1), varða (nr. 300:1), Dalaleið (nr. 286:1), Gvendarsel (nr. 210:1-4,), Undirhlíðarvegur (nr. 211:1), Stórhöfðastígur (nr. 298:1), Fjárborgin (nr. 302:1), vörður (nr. 308:1 – 311:1), og Gerðisstígur/Efrihellnastígur (nr. 294:1). Síðast, en ekki síst eru tvö sel í Hrauntungum í námundan við þessa línu, Fornasel (nr. 332:1-6) og Gjásel (nr. 333:1-3). Meðaltal minjagildis þessara staða er 4,25, en þá eru staðirnir metnir, en ekki einstakar fornleifar á þeim eins og við selin. Selin sjálf hafa minjagildið 8 bæði tvö. Séu selin tvö í Hrauntungum ekki reiknuð með í minjagildið verður það 3,71, en þá er Gvendarsel með í



Mynd 9. Ein rústin við Fornasel (nr. 232:3). Myndin er tekin í júní 2000, þegar lítil rannsókn var gerð á þremur rústum selsins. Niðurstaðan var sú að hægt var að rekja sögu selsins allavega til um 1500. (Horft mót NA. Ljósm. BFE).

útreikningnum. Varðveislugildið er það sama í öllum tilfellum. Mælt er með því að færa tengivirkið eins langt frá seljunum og Fjárborginni og hægt er. Þetta á einkum við selin tvö í Hraun-tungunum. Einnig þarf að gæta þess að tengivirkið spilli ekki Gerðis-stígnum/Efrihellnastígnum. Leiðin er ásættanleg með þeim fyrirvörum sem getið er hér að ofan. Staðsetning tengivirkis skv. korti 8a er óásættanleg eins og vikið verður að síðar.

6: *Hrauntungur að Hamranesi og Straumsvík. Kort 8 og 8a*

Um tvö valkosti er að ræða sbr. kort 8 og 8a. Við leiðina á korti 8 er aðeins fornleiðin nr. 294:1, Gerðisstígurinn/ Efrihellna-stígur. Leiðin hefur gildin tvö fyrir bæði minja- og varðveislu-gildi. Sé hægt að tryggja öryggi stígsins er leið þessi mjög ásættanleg. Leiðin á korti 8a er óásættanleg eins og kemur fram síðar.



Mynd 10. Aðalrústin á Gjáseli. Rústin er makalaust lík miðaldabæ með vísir að gangi, en þeir virðast koma til sögunnar um 1350 eða þar um bil. (Teikn. SSE/ Hrein. BFE).

7: *Hrauntungur að Njarðvíkurheiði. Kort 8, 8a - 11 og 13*

Um tvo valkosti er að ræða eins og fram koma á kortum 8 og 8a.

Frá hinu fyrirhugaða tengivirki í Hrauntungum eins og það er sýnt á korti 8 að fyrirhuguðu tengivirki á Njarðvíkur-heiði eru fyrst og fremst vörður og selstígar á könnunar-svæðinu norðanverðu sem taka þarf tillit til. Í næsta nágrenni, á könnunar-svæðinu sunnanverðu, eru nokkur sel. Rétt utan þess eru einnig nokkur sel. Um þau verður fjallað sérstaklega síðar.



Mynd 11. Straumsselstígurinn þar sem hann er hvað fallegastur dágóðann spöl suður af línuveginum. (Horft mót SSA. Ljósm. SSE).

Á leiðinni eru 66 staðir með fornleifum. Meðaltal minjagilda þessara staða á þessari leið er 3,56 fyrir minjagildið og það sama fyrir varðveislugildið. Tryggja þarf allar vörður og nota fyrirliggjandi línuleiðir svo ekki þurfi að raska selstígunum frekar. Bent skal á að sumir stígarnir eru ekki staðfestir enn, en tilvist þeirra er kunn og aðrir selstígar hafa aðeins verið raktir í námundan við línu-veginn. Því þyrfti að leita þeirra stíga sem enn eru óstaðfestir og GPS mæla svo nákvæmlega alla stígana frá Reykjanesbraut suður í selin.

Leiðin er vel ásættanleg miðað við að hún liggi þar sem hún er sýnd á kortunum og ef tryggja má öryggi fornleifanna. Verði leiðin og tengivirkið hins vegar færð til suðurs eins og sýnt er á korti 8a, er það mat undirritaðs að hún sé ekki ásættanleg. Þá mun hún höggva allt of nærri seljunum og beinlínis liggja yfir Gjáseli.

8: *Njarðvíkurheiði að Reykjanesvirkjun. Kort 13 - 16*

Leiðin er frá fyrirhuguðu tengivirki á Njarðvíkurheiði að tengivirki við Reykjanesvirkjun.

Á leiðinni eru nær einvörðungu samgönguminjar fimm fornleiða sem liggja þvert yfir Reykjanesskagann, eða hluta hans. Þetta eru Skipsstígur (nr. 22:1, 11-14), Árnastígur (nr. 25:1, 9-11), Tóftavegur (nr.44:1), Prestastígur (26:1, 15-22) og óþekkt leið út úr honum (nr. 27:1,3-4). Samtals eru 10 staðir sem geyma fornleifar. Meðaltal minjagilda allra staðanna er 4,00 og sama fyrir varðveislugildið. Það eru fyrst og fremst fornleiðirnar sem halda upp þessum gildum.

Leiðin er vel ásættanleg sé hægt að tryggja öryggi fornleifanna og nýta þá slóða sem þegar eru fyrir hendi.

9: *Njarðvíkurheiði að Fitjum. Kort 13*

Leiðin liggur frá fyrirhuguðu tengivirki á Njarðvíkurheiði að fyrirhuguðu tengivirki á Fitjum sunnan við Njarðvík.

Á leiðinni eru tvær vörður og ein fornleið. Leiðin, sem er Skipsstígur, er afar illa farinn á þessum kafla og jafnvel alveg ónýt. Meðalgildi fornleifanna á þessum kafla er 3,67 bæði fyrir minja- og varðveislugildið. Þá ber að taka það fram að þá er miðað við minja- og varðveislugildi Skipsstígs eins og það gerist best mun sunnar þar sem hann er heill og óskemmdur, t.d. á kaflanum Njarðvíkurheiði að Reykjanesvirkjun. Sé ekki reiknað með Skipsstíg verða bæði gildin 2,5. Ef hægt er að tryggja öryggi fornleifanna er leiðin mjög vel ásættanleg.

10: *Fitjar að Helguvík. Kort 12 - 13*

Leiðin liggur frá fyrirhuguðu tengivirki á Fitjum að Helguvík. Línan verður grafin í jörðu alla leiðina. Á henni eru 9 staðir sem geyma fornleifar, en tveir þeirra voru ekki metnir hvað varða minja- og varðveislugildi. Meðaltöl hinna voru 2,93 fyrir bæði minja- og varðveislugildi.

Línuleiðin er mjög vel ásættanleg, en tekið skal fram að í nágrenni hennar eru óskráðar minjar Rósasels við Rósaselstjarnir.



Mynd 12. Hér sést inngangurinn inn í Fjárborgina í Hraunununum eða Hrauntungu (Hafnarfjörður nr. 302. Borgin er líklega hlaðin rétt fyrir aldamótin 1900. (Horft mót NNV. Ljósm. BFE).

Mótvægisaðgerðir og tillögur

Eins og fram hefur komið er gengið út frá því að hægt verði að tryggja öryggi allra fornleifa við línu- og jarðstrengsframkvæmdirnar. Sé það hins vegar ekki hægt er vísað í tillögur að mótvægisaðgerðum í töflu 1 og í meðfylgjandi fornleifaskrá.

Þó skal það tekið fram að af gefnu tilefni telur undirritaður orðið mikilvægt að eftirlit með fornleifum verði viðhaft á meðan á fram-kvæmdum stendur og mælist til þess að þegar framkvæmdum lýkur verði farið yfir allt svæðið aftur og ástand fornleifanna kannað.

Flestar fornleifarnar ætti að vera hægt að tryggja á vettvangi með því að merkja þær áður en og meðan á framkvæmdum stendur. Sé það hægt þarf engar frekari mótvægisaðgerðir á þeim. Ef hinsvegar ekki er hægt að tryggja fornleifarnar með þessum hætti þarf að koma til einhverra annarra og flóknari mótvægisaðgerða. Þær geta verið allt frá nákvæmri hnitsetningu (þar sem það er hægt) að eiginlegri fornleifarannsókn.

Með hnitsetningu gatna og fornleiða er átt við að fornleifarnar verði hnitsettar inn í landskerfið (Ísnet 93) með nokkurra sentimetra nákvæmni. Þegar leiðirnar finnast ekki á áhrifasvæðum hinna fyrirhuguðu framkvæmda þyrfti að leita þeirra þar sem þær byrja, en það er heima við bæi, eða þar sem þær enda við selin. Þannig mætti rekja sig áfram.

Þegar stungið er upp á litlum mótvægisaðgerðum í töflu 1 er átt við minniháttar rannsókn sem fæli í sér nákvæmari hnitsetningu samkvæmt Ísnet 93, grafa snið til að teikna og leita gjóskulaga, könnun á vörðubotnum til að leita gjóskulaga og teikna o.s.frv. Líklega þyrfti þó ekki að kanna allar vörður, heldur úrval þeirra.

Með rannsókn er átt við misjafnlega ítarlegan uppgröft, allt frá hlutarannsókn til fullnaðarrannsóknar. Minjarnar yrðu teiknaðar upp í plani og sniði, þær ljósmyndaðar, gripir mældir inn og þeir forvarðir o.s.frv. Einnig yrði þess freistað að finna gjósku til tegundar- og aldursgreiningar og bein eða viðarkol tekin til geislakolsaldursgreiningar (C-14).

Mælt er með því að fyrirhugað tengivirki á Hellisheið verði ekki nær fornleifum en 20 m, en það er lágmark samkvæmt þjóðminjalögum. Sömuleiðis er mælt með því að fyrirhugað tengivirki í Hrauntungum verði



